

## REGLUGERÐ

41

15. marz

um breyting á reglugerð nr. 58 frá 1960, um fyrirframgreiðslu skatta o. fl.

### 1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar verði þannig:

Að því er varðar þinggjöld ársins 1961, þá er heimilt að innheimta þau fyrirfram hjá hverjum gjaldanda með þremur jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. apríl, 1. maí og 1. júní. Skal gjaldandi í hvert sinn greiða sem næst 15% þeirra gjalda, sem ætla má að honum beri að greiða á árinu, miðað við að tekjur hans hafi verið þær sömu á árinu 1960 og þær voru árið 1959.

Nú er álagningu ekki lokið það tímanlega að hægt sé að krefja kaupgreiðendur um skatta starfsmanna fyrir 1. ágúst eða 1. september, og ber þeim þá, svo og öðrum skattgreiðendum, að greiða um þau mánaðamót sömu upphæðir og greiða ber á fyrrgreindum gjalddögum. Eftirstöðvarnar skiptast þá jafnt á næstu mánuði fram til 1. nóvember.

Eigi á gjaldandi þó rétt á að gjöldum hans sé skipt í fleiri gjalddaga en svo, að minnst kr. 200.00 séu greiddar á hverjum gjalddaga, unz fyrirframgreiðslu eða eftirstöðvum hans er að fullu lokið.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 45. gr. l. nr. 46/1954 um tekju- og eignarskatt.

### 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 15. marz 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigr. Klemenzson.*

## AUGLÝSING

42

20. marz

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

Með tilvísun til athugasemdarákvæða við nr. 11 í 39A kafla tollskrár og sams konar ákvæði í upphafi XV. flokks sömu skrár hefur ráðuneytið fært niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af þeim verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist eins og hér segir:

		Toll- einng	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
39A	Björgunarbátar og önnur björgunartæki úr plasti:			
	11j björgunarbátar .....	1 kg	2	2
	11k önnur björgunartæki .....	—	2	2
	11l Einangrunarbönd úr plasti, samþykkt sem slík af Rafmagnseftirliti ríkisins .....	—	7	30
66	11e Hús og önnur mannvirki úr alúminíum og alúminíumblöndum og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8

B 13

- 42 Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum.  
20. marz Björgunarbatar í 39/11j, björgunartæki í nr. 39A/11k, einangrunarbönd í 39/A11l og hús og önnur mannvirki í nr. 66/11e skal undanþegið innflutningsgjaldi og björgunarbatar í 39A/11j undanþegnir innflutningssöluskatti.

*Fjármálaráðuneytið, 20. marz 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

- 43 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um aldarafmæli  
22. marz frjálsrar verzlunar á Íslandi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála-  
ráðherra 22. marz 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um aldarafmæli frjálsrar verzlunar á Íslandi.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verzlunar á Íslandi. Sjóðurinn er gefinn af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, Sambandi smásöluverzlana og Verzlunarráði Íslands og afhentur Háskóla Íslands til minningar um aldarafmæli frjálsrar verzlunar hér á landi, en verzlun var eigi frjáls hér, fyrr en lög 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, tóku gildi hinn 1. apríl 1855.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —. Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og skal háskólaráð sjá um geymslu sjóðsins og ávöxtun.

### 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vöxtum sjóðsins skal varið til að styrkja efnilega kandiðata í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands til framhaldsnáms erlendis. Leggja má saman vaxtatekjur nokkurra ára og veita í einu lagi.

Sjóðnum skal fylgja bók, þar sem skráð séu nöfn styrkþega og helztu æviatriði, ásamt greinargerð um það, hvernig styrkurinn hafi verið notaður.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm mönnum, þremur tilnefndum af gefendum, en tveimur tilnefndum af laga- og viðskiptadeild Háskóla Íslands. Stjórnin skiptir með sér störfum. Hún ákveður, hvenær auglýsa skuli styrk til umsóknar og ræður því, hver hreppa skuli styrkinn.

### 5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í árbók háskólans. Skulu þeir endurskoðaðir með sama hætti og aðrir reikningar háskólans.

### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.